

Mál nr. 69/2007

M) v. A

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. frjálsrar ábyrgðartryggingar G

Ruslagámur fauk á bifreið í Borgarnesi þ. 9.12.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.3.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 150/07
3. Lögregluskýrsla dags. 11.12.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Ruslagámur fauk á A sem var kyrrstæð og lagt nærri gámnum og skemmdist A nokkuð. Mikill vindur var þegar umrætt atvik átti sér stað og var kallað á björgunarsveit á staðnum til að festa gáminn. M krefst bóta og telur að eigandi ruslagámsins hafi átt að festa hann niður en spáð hafi verið miklu hvassviðri. Af hálfu V er bótaskyldu hafnað og bent er á að um sé að ræða gám sem sé 1 tonn að þyngd og hafi gámurinn staðið á bifreiðaplaninu í mörg ár án þess að vera festur niður og telur V að frágangur gámsins hafi verið fullnægjandi og því ekki um bótaskyldu að ræða. V bendir á að mikill vindur hafi verið í umrætt sinn og hafi vindstyrkur farið yfir mörk sem sett eru varðandi foktryggingu fasteigna.

Álit.

Af hálfu M er ekki bent á eða gert sennilegt að um bótaskylda vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu G sem hafði með umræddan ruslagám að gera. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á að tjón á V sé bótaskyld miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík 8.5. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.